

## Að drepa ömmu 101

Hæ! Áður en þú dæmir titilinn á þessari sögu vill ég að þú gefir mér tækifæri til að útskýra. Fyrst og fremst er ég ekki slæm manneskja og ef ég segi sjálf frá þá er ég bara frekar góð manneskja. Ég fer eftir öllum reglum sem mamma og pabbi setja mér og og ég hlusta meira að segja alltaf á fyrirmæli kennara. Okei, reyndar ekki alltaf því þá væri ég að ljúga og góð manneskja lýgur ekki. Þegar Rósa kennari segir mér að ég eigi að læra í stærðfræði allan tvöfaldan tímann \*og tvöfaldur tími er sko heilar áttatíu mínútur, þá ver ég meirihlutanum í að teikna fallegar myndir í stærðfræði bókina mína og ég er orðin frekar góð að teikna sól og fjöll.

En nóg um það. Þið þurfið bara að vita að ég er góð manneskja. En hvað er að vera góð manneskja? Samkvæmt bókinni *Við erum öll börn Guðs* er skilgreining á góðri manneskju að fara eftir reglum samfélagsins og hlýða fyrirmælum fullorðinna. Ef Rósa kennari myndi leggja fyrir okkur próf um hversu góðar manneskjur við erum þá myndi ég skora hæst á því prófi.

En við skulum byrja á byrjuninni. Þetta hófst allt einn sunnudagsmorgun þegar ég og amma vorum að kaupa blóm fyrir sumarið. Að kaupa blóm fyrir sumarið er ein af þeim mörgum hefðum sem *bara* ég og amma eigum saman. Við keyrum út í sveit á búgarð þar sem ein bóndakona er búin að koma fyrir lítilli blómabúð í gróðurhúsinu sínu. Gróðurhúsið er stútfullt af litríkum blómum og lyktin þar er unaðsleg. Ég hugsa að þegar ég verð stór ætla ég að eiga heima inn í gróðurhúsi. Þá verður alltaf góð lykt heima hjá mér og alltaf heitt inni þrátt fyrir að það sé vetur úti. Hversu sniðugt? Ég skil ekki af hverju fólk býr ekki í gróðurhúsum.

Við löbbum á milli blómarekkanna og ég vel mér nokkur blóm. Blómin sem ég vel mér eru öll að sjálfsögðu bleik, því bleikur er uppáhalds liturinn minn og hann hefur alltaf verið uppáhalds liturinn minn. Ein vinkona mín sagði eitt sinn að hennar uppáhalds litur væri líka bleikur en ég get lofað ykkur því að ég átti fyrst bleikan sem uppáhalds lit. En allavega, fangið á okkur ömmu er orðið yfir fullt af blómum og við göngum að afgreiðslukassanum. Amma þekkir bóndakonuna sem stendur bak við afgreiðslukassann og byrjar að sjálfsögðu að spjalla. Alltaf þetta endalaus spjall. Ég velti fyrir mér hvort amma sé að spjalla við bóndakonuna til að fá einhvern afslátt af blómunum eða hvort henni sé í alvörunni ekki sama um hvernig fjölskyldan hennar hafi það? Því þegar ég hitti vini mína þá spyr ég aldrei „Já hvernig hefur pabbi þinn það og mamma þín? Já er pabbi þinn enn að spila golf á mánudögum? ...” En amma mín spyr fólk að svona spurningum. Skrítið, ég veit. En bóndakonan segir við ömmu að þau séu að fara að flytja pabba hennar á elliheimili. Þær verða báðar daprar á svip og ég legg við hlustir. Bóndakonan segir við ömmu að pabbi hennar væri orðinn mjög gamall og byrjaður að gleyma mörgu og gæti ekki séð um sig sjálfur. Þær horfa síðan báðar á gamlan mann sem situr út í einu horninu og starir út í loftið. Hann er með galopinn munn og slef lekur niður á bláu skyrtuna hans. Amma horfir á bóndakonuna með samúðarsvip.

Þegar þær hætta loks að spjalla göngum við fram hjá gamla manninum. Amma reynir að heilsa honum en það er eins og heilsa vegg. Því maðurinn starir bara upp í loftið og slefar.

Við förum út í bíl og ég spenn beltíð. Þá tek ég eftir að amma horfir á mig með alvarlegum svip eins og hún ætli að skamma mig eða eitthvað þannig.

Ég fer á fullt að velta fyrir mér hvað ég gerði til að gera ömmu svona alvarlega á svip. Amma skammar mig nefnilega sjaldan því ég er svo góð manneskja. Ég hjálpaði henni meira að segja að setja blómin í skottið. Hún ætti að muna það. Góðar manneskjur hjálpa ömmum sínum. Kannski komst hún að því að ég notaði gesta handklæðið sem langa amma hennar saumaði til að þrifa upp pissið sem kötturinn pissaði í forstofunni. Hún er nefnilega útiköttur og amma hefur margoft bannað mér að taka þennan „villikött” eins og hún kallar hana, inn í húsið. En ég minni ömmu á að hún heitir Mjása eða það er það sem ég skírði hana. Hún var bara svo sæt og ég myndi aldrei halda að hún myndi pissa á gólfið. Fína hvíta sparihandklæðið var ekki lengur hvítt heldur var það orðið gult með blettum á og lyktaði ógeðslega þannig að ég faldi það undir pallinum sem pabbi smíðaði fyrir ömmu. Síðast þegar ég skoðaði handklæðið þá var það enn þar en mun skítugra. Amma horfir út um bílgluggann og síðan á mig og segir. „Dísa mín” hún andvarpar döpur. Ég bý mig undir skammir. Þá segir hún „ef ég verð einhvern tímann orðin svo léleg að það á að senda mig á elliheimili. Lofaðu mér því að kála mér þá”. Ég hugsaði mig um. Ég er góð manneskja og ég hlýði fullorðnum svo ég gaf henni loforð mitt.

Núna tveimur árum seinna er ég að leika mér inn í herbergi með dúkkurnar mínar þegar mamma kemur inn til mín og segir „Elskan mín, því miður getur þú ekki leikið við Magnús á eftir því þið þurfum að hjálpa ömmu að flytja”. Ég verð ringluð og horfi niður á dúkkurnar mínar. Eins og þær muni útskýra betur fyrir mér hvað mamma var að segja, en þær stara bara á móti og segja ekki neitt. Hversu dónalegt, þær svara mér oftast. „Flytja?” spyr ég. „Já”

svarar mamma og biður mig um að flýta mér, því pabbi er nú þegar búinn að setja bílinn í gang. Ég hendi dúkkunum mínum frá mér. Þær lenda harkalega á gólfinu fyrir framan mig. Ég veit að ég á ekki að henda þeim svona frá mér. Þær hafa ekki gert mér neitt, en ég er bara svo svekkt að ég má ekki leika við Magnús. Ég var orðin svo spennt. Við ætluðum nefnilega að fara að jarðsetja blómin í garðinum hans. Eftir að það byrjaði að hausta byrjuðu öll blómin að deyja og okkur fannst þau eiga skilið að fá almennilega jarðarför.

Ég þramma niður stigann og reyni að hafa eins hátt og ég get til að sýna það mjög skýrt að ég sé ekki sátt. Mamma kippir sér ekkert við þetta og stendur niðri í forstofu með bleiku úlpuna mína reiðubúna. Ég segi við hana að mig langi ekki í þessa úlpu. Mér er reyndar sama en ég veit að ég þarf bara að standa með sjálfri mér. Mamma andvarpar „það er kalt úti elskan mín þannig þú þarft að fara í eitthvað hlýtt yfir þig”. Ég ætla ekki að gefa mig og fer inn í forstofu fataskápinn. Þar finn ég fallega jólajakkan minn sem ég klæðist bara á jólunum. Hann er brúnn með hvítum loðfeldi á. Ég tek hann úr skápnum og klæði mig í hann. Ég hoppa í gulu stígvélin mín og lít í forstofu spegilinn. Ég lít út eins og hertogaynja. Mamma ranghvolfir í sér augunum, gengur út að bílnum og ég á eftir henni. Pabbi situr í bílstjórasetinu og brosir til okkar. Ég set á mig tignarlegan svip því ef ég lít út eins og konungborin þá þarf ég einnig að haga mér þannig. Ég bíð fyrir framan bílhurðina eftir að mamma opni hana fyrir mig. Við setjumst inn í bílinn og spennum beltin. Pabbi horfir á mig í baksýnispeglinum, „Var ég að misskilja eða erum við að fara að hitta forsetann?”. Ég krosslegg handleggina og hunsa hann. Ég þoli ekki svona stæla í pabba. Ég held að hann gerir sér ekki grein fyrir að ef einhver er asnalegur inn í

Þessum bíl er það hann og mamma. Mér finnst fullorðið fólk taka lífinu alltaf svo alvarlega. Þau horfa aldrei á teiknimyndir á morgnana, leika sér aldrei og það versta er að þau klæða sig alltaf upp eins og draugar. Alltaf í þessum litlausum fötum og engir hattar. Þegar ég verð stór ætla ég að passa að ég verði aldrei jafn skrítin og þau. Ég mun alltaf klæðast tignarlegum kjólum sem dragast eftir jörðinni þegar ég geng og með mismunandi hatta eftir dögum. Síðan ætla ég alltaf að ganga í mismunandi sokkum. Mamma og pabbi banna mér það hreinlega þrátt fyrir að ég útskýri fyrir þeim að persónuleiki sokkana passi ekki saman. Þeir eru alltof líkir til að líka við hvorn annan. Svo ég reyni alltaf að finna mismunandi sokka til að klæðast.

„Heldur þú að amma verði ekki sátt við nýja heimilið sitt” spyr mamma mig og ég var búin að steingleyma hvers vegna ég væri í bílnum „Hvert er amma að fara að flytja?” spyr ég. Amma býr nefnilega rétt fyrir utan bæinn í risastóru húsi með bestu felustöðunum á. Ég skil ekki af hverju hún myndi vilja flytja úr þessu stórkostlega húsi. „Hún er að fara að flytja á elliheimili. Finnst þér það ekki frábært? Það er bara skammt frá húsinu okkar svo þú getur alltaf kíkt í heimsókn”. Mér leið eins og jörðin hafi stoppað. Hvað er að gerast? Er amma að fara að flytja á elliheimili? Amma mín!? Ég trúir þessu ekki. Henni hlýtur að líða hræðilega og ÞÁ man ég eftir lofordi mínu. Ég finn að Dóru landkönnuðar pönnukökurnar sem ég fékk mér í morgunmat eru í hálsinum mínum og ég kasta þeim upp eins og köttur að kasta upp hárkúlu. Pabbi snar stöðvar bílinn og mamma lítur aftur fyrir sig og æpir „ástin mín!”. Ég sé að hún er með morgunmatinn minn í hárinu og ég fer í paník. Fór nokkuð æla í finu jóla kápuna mína? Ég lít niður á mig og sé að kápan hefur sloppið en

farþegasætið fyrir framan mig er þakið ælu. Það versta er lyktin. Ég vissi ekki að pönnukökur gætu lyktað svona illa. Oj.

Ég er enn í uppnámi þegar pabbi stöðvar bílinn fyrir framan stóra hvíta byggingu. Mamma er enn að þrifa æluna úr hárinu á sér. Ég lít út um gluggann og horfi á fangelsið fyrir framan mig. Greyið amma. Pabbi opnar bílhurðina mína eins og ég er búin að venja hann á að gera og við göngum inn. Ég passa mig að vera minnsta kosti tvo metra frá mömmu því hún lyktar hræðilega.

Hvítur flutningabíll er fyrir framan fangelsið og mamma og pabbi grípa dótið hennar ömmu sem þjáist í kassa og ganga með það inn. Þau biðja mig um að hjálpa þeim og þegar ég ætla að fara að mótmæla þá man ég að ég er góð manneskja. Ég tek minnsta kassann úr bílnum og geng á eftir þeim.

Við göngum inn í lítinn fangaklefa á annarri hæð. Þar er forstofa, lítið eldhús, baðherbergi og svefnherbergi með sófa. Ég sé ömmu standa við svefnherbergis gluggann og vera að raða blómunum sínum. Ég horfi í kringum mig með fyrirleitningarsvip. Ég held mig í einu horninu og er þögul. Ég legg kassann hægt frá mér. Mamma og pabbi spyrja ömmu hvert hinir og þessir hlutir eiga að fara og amma bendir í allar áttir. Ég bíð eftir að mamma og pabbi fari úr herberginu. Amma horfir á mig og brosir. En ég veit að hún er bara að leika. „Jæja hvernig finnst þér dúlla mín”. Amma horfir í kring um sig og bíður eftir svari frá mér. Ég viðurkenni að amma mín er býsna góð leikkona. Ég veit að ég þarf að leika á móti svo þetta gengur upp. Ég set upp mitt fínasta gervibros og geng til hennar. „Þetta er frábært amma”. Amma breiður út faðminn og ég fer í fang hennar. Ég hvísla ég að henni. „Hafðu engar áhyggjur amma, ég redda þessu.”

Nú hefst skipulagið. Næstu nætur vaki ég fram eftir og sit í rúmi mínu. Planið mitt er að vaka alla nóttina. Ég breiði teppið mitt yfir hausinn svo mömmu og pabba gruni ekki neitt. Ég kveiki á bleika vasaljósinu mínu og hefst handa. Ég teikna upp elliheimilið í bleiku stílabókina mína. Ég teikna upp hvern krók og kima og merki inn á allar útgönguleiðir. Ég minni sjálfan mig á að ég er að gera þetta fyrir ömmu, því ég er góð manneskja. Þegar ég heyri að mamma og pabbi eru sofnuð, læðist ég fram og sest við borðtölvuna. Ég hef oft séð mömmu stimpla inn lykilorð í tölvuna, enda væri auðvelt að giska á það. Það er bara heimilisfangið okkar. Ef ég væri að velja lykilorð sem enginn gæti náð að giska á, myndi ég hafa það Dísalangbestogsætust eða Dóralandkönnuður305. Það myndi engin ná að giska á það. Þegar ég pæli í því þá finnst mér eins og mamma og pabbi ættu að leita til mín með vandamálin sín, því ég á ráð við öllu. Því ég er svo klár.

Tölvun opnast þegar ég slæ inn lykilorðið og svaka hljóð heyrir. Tölvun vill greinilega koma upp um mig. Mér dauðbregður og ég skríð undir tölvuborðið til að fela mig. Pabbi kemur hlaupandi fram með stírur í augunum. Hann horfir í kring um sig og sér að tölvun er opin. Hann furðar sig á þessu og slekkur á tölvunni. Ef ljósið væri ekki slökkt á ganginum, myndi pabbi klárlega sjá mig og ef ekki, þá þyrfti hann að fá sér gleraugu. Pabbi fer síðan aftur upp í rúm og ég slepp með naumindum. Ég sest í skrifborðsstólinn og legg höfuðið í bleyti. Ég veit núna að ég get ekki fundið þær upplýsingar sem ég þarf í tölvunni svo ég verð að leita annars staðar. Bókasafnið!

Morguninn eftir fer ég á bókasafnið eftir skóla. Ég sagði mömmu að ég ætla að leita mér að nýrri bók til að lesa fyrir kvöldið. Mömmu finnst það frábær hugmynd. Hún er alltaf að hvetja mig til að lesa meira, en mér finnst bara gaman að skoða myndirnar í bókunum.

Ég skoða bókarekkana vandlega og reyni að velja eitthvað sem gæti gefið mér hugmyndir. Þolinmæði mín er fljót að renna út og ég fer í DVD hornið. Þar finn ég Tomma og Jenna þættina og syrpur af þeim. Ég tek allar DVD myndirnar og fer til bókasafns starfsmanns. „Ég væri til í að fá þessar lánaðar”. Ung kona með brúnt krullað hár horfir á mig og brosir. „Finnst þér Tommi og Jenni svona skemmtilegir?” spyr hún með barnalegri röddu eins og ég sé tveggja ára en ekki sjö ára. Ég brosi bara á móti og svara játandi.

Þegar ég er loksins komin heim set ég myndirnar í DVD spilarann og byrja að horfa. Ég passa mig að hafa bleiku stílabókina hjá mér til að glósa niður helstu atriðin.

- Tommi reynir að drekkja Jenna.
- Jenni reynir að eittra fyrir Tomma.
- Tommi reynir að hrinda Jenna niður stiga.
- Jenni reynir að kæfa Tomma.
- Tommi setur músagildru fyrir Jenna.
- Jenni reynir að henda Tomma fyrir lest.
- Tommi reynir að loka Jenna inni í píanói....

Listinn stækkar og stækkar með áhorfinu. Pabbi kemur upp stigann og ég dreg stílabókina að mér. Pabbi horfir á sjónvarpið og síðan á mig. Hann glottir og spyr „síðan hvenær hafðir þú svona mikinn áhuga á Tomma og Jenna?”. Hann bíður eftir svari og gengur nær „Og hvað ertu að skrifa í stílabókina þína”. Ég finn fyrir hita í andlitinu „Mér finnst þetta bara mjög skemmtilegir þættir og

ég er að teikna mynd”. Pabbi sest við hliðina á mér og setur handlegginn yfir mig. „Það er langt síðan ég horfði á þessa þætti”. Pabbi hlær upphátt þegar Tommi reynir að henda Jenna í sjóðandi súpupott. Ég hugsa að ég ætti að skrifa þessa aðferð niður en ekki þegar pabbi sér til. Pabbi lítur á mig „hvað ertu svo að teikna Dísu mín?” Ég dreg stílabókina enn nær mér „Ekkert eða jú ég er að teikna... dýr”. „Dýr?” spyr pabbi áhugasamur „hvernig dýr?”. Ég þarf að vera fljót að hugsa, svo það komist ekki upp um mig. „Flóðhest”. Pabbi setur í brýrnar „Flóðhest?”. Ég set á mig tignarlegan svip til að gera þetta enn trúverðuglegra „já, flóðhest”. „Áhugavert” segir pabbi frekar efins. „Má ég sjá flóðhestinn hjá þér?”. „Nei” svara ég fljótt. Ég vissi ekki að ég gæti dregið stílabókina nær mér en mér tekst það.

„MATUR!” heyrir niðri úr eldhúsinu. Pabbi stekkur úr sófanum og segir „Komdu dúlla” og ég stekk á eftir honum. Þarna slapp ég.

Það er kakósúpa í matinn. Uppáhaldið mitt. Mér finnst best að fá mér kakósúpu með þeyttum rjóma og tveimur tvíbökum. Ég bryð tvíbökurnar í kakaósúpuna og spyr mömmu og pabba í sakleysi mínu „hvenær förum við næst til ömmu á elliheimilið?”. Mamma og pabbi horfa hvert á annað. „Við vorum þar í gær elskan mín. Við getum heimsótt hana í næstu viku”. Ég finn fyrir hnút í maganum. Ætla þau að láta ömmu þjást í heila viku? Það má ekki gerast. Ég verð að finna upp á einhverju. „Voru þið amma með einhver plön?” spyr mamma. Ég hugsa mig um. „Já reyndar”. Mamma setur vatnskönnu á borðið. „Það er bingó á elliheimilinu annað kvöld ef þú vilt mæta í það. Amma verður örugglega mjög glöð að sjá þig”. Ég veit að amma verður glöð að sjá mig. Hún verður himinlifandi. Amma verður þá bara að þrauka í einn dag í viðbót.

Hún mun fyrirgefa mér. „Já ég vil mæta á bingó”. Mamma setur í brýrnar og horfir á mig með skrítnum svip eins og hún trúir mér ekki. Ó nei, veit mamma að ég er að plata hana? „Síðan hvenær finnst þér Bingó skemmtilegt? Þú vilt aldrei fara í bingó með mér.”. Ég hugsa mig um og fæ mér skeið fulla af kakósúpu. Ah, ég gleymdi að blása og ég skila kakósúpunni aftur í skálina. „Ástæðan fyrir því af hverju mér finnst bingó leiðinlegt er vegna þess að ég vinn aldrei neitt en ég veit að ég mun vinna á morgun. Ég er viss um það”. Mamma og pabbi flissa.

Næsta morgun flýg ég upp úr rúminu mínu. Í dag er dagurinn. Ég fer yfir verkefnalistann minn. Ég sé að ég þarf að finna mér eiturog ég veit nákvæmlega hvaða manneskju ég þarf að tala við. Ég fer inn á bað og tek öll handklæðin úr baðskápnum. Bingó! Öskudagsnammið mitt er á sínum stað og mamma ekki enn búin að taka eftir að ég veit hvar það er geymt.

Í frímínútum í skólanum fer ég að leika við vina mína. Ég sting upp á að við förum í feluleik og þau samþykkja það. Magnús byrjar að telja og ég nýti mér tækifærið til að láta mig hverfa frá vinum mínum. Þeim mun aldrei gruna neitt. Ég geng upp í efsta turn leikkastalans. Þar sendur hávaxin stelpa og spyr mig hvað ég sé að gera hér. Allir vita að þetta er bannsvæði fyrir litla krakka eins og mig. „Ég þarf að tala við Viktor” segi ég og reyni að fela hræðslu tóninn í röddinni. Hávaxna stelpan virðir mig fyrir sér. Hún er með nokkrar bólur á andlitinu og er nánast helmingi stærri en ég. „Þú ert ekki velkomin hér. Hypjaðu þig.” segir hún. Ég verð hrædd og ætla að snúa við en þá heyrir ég rödd fyrir aftan hávöxnu stelpuna „hleypið henni í gegn”. Hávaxna stelpan verður pirruð og vísar síðan úr vegi. Ég geng hikandi inn. Efsti turn kastalans er með

besta útsýnið yfir skólalóðina. Ég er mjög stressuð. Öll augu stara á mig. Hvað er ég að gera hér? Það þorir enginn í fyrsta bekk að fara upp í efsta turn. Fjórir fjórðu bekkingar horfa á mig og ég veit að sá sem ég þarf að tala við situr fyrir aftan þá. „Svo... hvað viltu?” heyrir frá stráknum sem er sitjandi. Hann er í leðurjakka með sleikt hárið aftur á bak. „Ég þarf eitt frá þér” segi ég. Hann horfir í kringum sig og svarar „þið megið fara” og það var eins og fingri væri smellt og við vorum tvö eftir. Hann horfir á mig og bíður eftir svari. „Ég þarf eitthvað sterkt”. Ég kyngi og finn að hálsinn er skráþurr. Hann hugsar sig um og svarar „Sterkt? og hvað fæ ég?”. Ég er fljót að taka tvær KitKat stangir úr vasanum mínum. Þetta er mikil fórn því þetta er síðasta súkkulaðið mitt úr öskudagspokanum. Hann horfir á KitKat stangirnar og hugsar sig um. Hann réttir út höndina og gefur mér duft í poka.

Pabbi skutlar mér á elliheimilið. Amma stendur við innganginn með bros á vör. Greyið amma hugsa ég. Hún hlýtur að vera dauðþreytt að leika. Við amma föðmumst í anddyrinu. „Gaman að sjá þig dúllan mín” segir amma og lítur niður til mín. Ég veit að amma er glöð að sjá mig. Ég er að bjarga henni. Við göngum saman inn í matsal þar sem gamalt fólk situr í tugatali. Við finnum okkur borð og ég læði hendinni minni í vasann til að vera viss um að ég sé með eitrið með mér. Þegar ég finn fyrir plastpokanum anda ég léttar. Við setjumst niður og bingóið hefst. Ég þarf að velja mér rétta augnablikið til að setja eitrið í glasið hennar ömmu. Í hléinu gengur eldri maður til okkar. Hann og amma byrja að spjalla. Núna er tækifærið. Ég næ í pokann í úlpuvasann minn. „Fallegar krullur” segir eldri maðurinn. Amma verður rjóð í kinnum. Ég velti fyrir mér hvort að gamli karlinn væri að móðga ömmu og ég vil alls ekki að

síðasta minningin hennar ömmu sé móðgun frá gömlum karli. Amma brosir „flott göngugrind” segir amma og brosir til hans. Ég lít niður á þessa göngugrind og get ekki sagt að þetta sé merkileg göngugrind. Gamli karlinn styður sig við grindina og segir „Síðan bý ég á fimmtu hæðinni, ég kalla hana þakíbúðin en þú ert alltaf velkomin í heimsókn ef þig vantar félagsskap...” segir kallinn með „flottu” göngugrindina. Ég nýt tækifærið og sturta öllu duftinu í glasið hennar ömmu. Ég nota teskeið og hræri því saman við teið hennar. Duftið er brúnt og leggst beint á botninn á glasinu. Amma kveður gamla kallinn. „Ég vissi ekki að þú værir búin að eignast vin amma” segi ég og amma glottir. Hún tekur sopa af teinu sínu og frussar því yfir borðið. Amma grettir sig „Hver setti salt í teið mitt?”. Ég lít í kring um mig eins og ég sé að leita að sökudólgnum. Allir í matsalnum horfa á okkur.

Næstu daga er ég dugleg að heimsækja ömmu. Ég reyni allt sem stendur á verkefnalistanum mínum en ekkert gengur. Ég set matarolíu á gólfið en einn hjúkrunarfræðingur þurfti að vera á undan ömmu og dettur beint á rassinn. Hún furðar sig á því af hverju matarolía væri á gólfinu fyrir framan stigann. Bara ef hún viss. Því ég er að reyna mitt allra besta til að hjálpa vesalings ömmu. Ég kem poka fyrir á höfðinu á henni og hugsaði að núna tekst mér þetta en amma er fljót að rífa gat á pokann og hlæja. Hún spyr mig hvaða leik við séum í og ég hlæ bara með henni. Hún er að senda mér skýr skilaboð að þetta sé ekki leiðin til að hjálpa henni. Ég þarf að gera betur.

Ég tek af skarið eitt kvöldið. Ég get ekki látið ömmu þjást lengur. Ég ligg upp í rúmi og bíð eftir að ég heyri að mamma og pabbi eru farin í háttinn. Ég tæmi skólatöskuna mína og fylli hana af öðrum nauðsynjum. Ég læðist upp úr

rúminu mínu og geng niður í forstofu. Ég veit að það má engin taka eftir mér þannig að ég klæði mig í feluliti. Ég er í svörtum fötum frá toppi til táar. Að sjálfsgöðu set ég yfir mig endurskinsmerki og þá er ég tilbúin. Ég læðist út um útidyrnar og tek lásinn af bleika hjólinu mínu. Ég fékk þetta hjól í afmælisgjöf í fyrra. Það er með fallegum bleikum borðum á og það er marglit blómakarfa sem hangir framan á. Ég legg af stað. „Ég er að koma amma” segi ég upphátt. Ég veit að ég er ofurhetja því ofurhetjur bjarga fólki í neyð. Fangelsið er ekki langt frá húsinu okkar, aðeins tveimur götum frá. Ég veit að ég get ekki farið inn um aðalinnganginn því þá verð ég gripinn og verkefnið mistekst. Ég velti fyrir mér hvað mamma og pabbi myndu segja ef þau vissu að ég væri úti að hjóla núna? Klukkan er að ganga níu og á þessum tíma á ég að verða sofnuð. Ég veit að mamma og pabbi munu skilja mig þegar ég útskýri allt fyrir þeim. Þau munu líklegast knúsa mig og segja hvað ég sé góð manneskja. Þau munu ávallt standa í þakkarskuld við mig.

Ég legg hjólinu mínu bak við elliheimilið. Í garðinum. Þar sé ég svalirnar hennar ömmu. Þær eru á annarri hæð. Ég kannast við blómapottana sem glittir í á gluggakistunni. Ljósín eru slökkt sem þýðir að amma er farin að sofa. Ég laumast um garðinn. Ég passa að láta bera sem minnst á mér. Ég stekk á milli runna og fel mig á bak við bekki. Núna er ég beint fyrir neðan svalirnar hjá ömmu. „Ég er að koma amma” hvísla ég út í loftið. Amma bíður ábyggilega spennt eftir mér. Ég legg skólatöskuna mína á jörðina og dreg reipi upp úr henni. Ég geri mig reiðubúna að kasta því upp á svalirnar og það mun fara hringi um einhvern blómapott og festast. Þegar reipið er fast klifra ég upp eftir því. Ég hef séð þetta gert margoft í bíómyndum, þannig að ég veit að þetta er

mögulegt. Ég nota alla mína krafta til að kasta reipinu í átt að svölunum hjá ömmu. Reipið fer ekki einu sinni hálfa leiðina upp og dettur síðan beint niður á höfuðið á mér. Ég undra mig á af hverju þetta er ekki að ganga hjá mér. Ég reyni aftur, og aftur og aftur, en ekkert gengur. Þegar ég nota allra síðustu krafta mína til að kasta reipinu upp í fimmtánda skiptið sé ég brunastiga beint fyrir framan mig. Bingó. Ég er fljót að henda reipinu frá mér og horfi reiðilega á það. Reipið er búið að gera mig að algjörum kjána þegar það var allan tímann stigi fyrir framan mig. Ég veit nú með vissu að næst þegar ég þarf að nota reipi, mun ég ekki velja þetta reipi. Ég veit að reipið mun iðrast.

Það er auðvelt að nota brunastigann og áður en ég veit af er ég komin upp á svalirnar hennar ömmu. Ég sé í gegnum rifu á gardínunum að amma er sofandi. Fullkomið. Ég tek í hurðarhúnninn á svalahurðinni og held niðri í mér andanum. Það er opið. Hjúkk. Ég læðist inn. Það kemur kuldagustur með mér og ég er fljót að halla hurðinni. Núna gerist það. Ég horfi á elsku ömmu mína sofa værum svefni í rúminu sínu. Hún er umkringd litríkum teppum og fallegum myndum af mér sem hanga fyrir ofan rúmið hennar. Fullkominn staður til að fara á betri stað. Ég veit að ég mun sakna ömmu. Hún er besta vinkona mín. Við eigum svo frábærar minningar saman. Hún kenndi mér að lesa, veiða fisk, gróðursetja blóm, teikna, mála, hlæja þar til maður er nálægt því að pissa í buxurnar og margt fleira. Ég horfi á ömmu með hlýju í hjarta. Elsku besta amma. Núna getur þú hvílt þig almennilega. Ég næ mér í bláan púða sem liggur í sófanum hennar. Hann er með útsaumuðum hvítum ketti á. Mjög sætur. Ég má líklegast eiga hann nú þegar amma hefur ekki not fyrir hann lengur. Ég geng að rúminu hennar ömmu með kisupúðann í annarri hendinni.

Ég horfi á hana. Hún sefur svo vært. Hana er líklegast að dreyma um mig. Ég tek kisupúðann og held honum fyrir ofan andlitið á ömmu. Tommi reyndi þetta eitt sinn við Jenna. Að setja púða fyrir andlitið. Ég fer rólega með púðann í átt að andlitinu hennar ömmu og hvísla „Þetta er fyrir þig amma”. Ég finn að eitt tár lekur niður kinnina.

Amma opnar augun og kippist við. Að svipnum hennar að dæma, bregður henni. „Dísa! Hvað ertu að gera hér” Hún horfir furðu lostinn á kisu púðann. Ég set púðann yfir andlit hennar og segi í rólegum tóni „Þetta er í lagi amma. Það er best að þú streitist ekki á móti.” Amma ýtir púðanum frá sér og horfir á mig eins og hún hafi enga hugmynd hvað ég sé að gera. En, ég veit að hún er að leika. „Þú getur hætt að leika núna amma. Ég verð fljót að þessu” Ég tek kisupúðann aftur upp og geri mig reiðubúna að endurtaka leikinn. Amma ýtir púðanum aftur frá sér. Ég andvarpa. Ég er orðin frekar þreytt á þessum barnaleik í henni. Þetta er eins og að mata barn sem hefur enga lyst.

„Leika? Leika hvað? Dísa? Hvað ertu að gera hér og hvað ertu að gera með þennan púða? Þú ert að gera mig mjög ringlaða. Hvar eru mamma þín og pabbi?”. Ég andvarpa aftur og sest á rúmstokkinn hjá henni. Ég tek í hönd hennar. „Þetta er allt í lagi amma, við erum bara tvær hérna. Eru einhver lokaorð?” Amma sest upp í rúminu, enn þá ringlaðri á svip. „Dísa hvað er klukkan eiginlega? Ég skil ekki neitt í neinu. Er kominn dagur? Mér finnst ég hafa bara sofið í hálf tíma”. Amma teygir sig í úrið sitt á náttborðinu og pírir augun. Ég stend upp og bið hana um að leggjast. „Amma ég er bara að standa við loforð mitt, en þú ert að gera það mjög erfitt fyrir mig”. Ég tek enn og aftur upp kisupúðann. Greyið púðinn að vera undir öllu þessu álagi. „Hvaða loforð?”

spyr amma eins og hún viti ekkert hvað ég er að tala um. „Loforðið” svara ég óþolinmóð. Ég stend enn yfir henni. Hún horfir á mig eins og dúkkurnar mínar þegar þær neita að svara mér. Ég andvarpa. „Loforðið sem þú baðst mig um að lofa þér ef þú verður send á elliheimili”. Ég horfi á hana og bíð eftir að karakterinn hennar sem hún er að leika brotnar. „Loforð. Dísu mín. Nú skilur amma ekki”. Ég sleppi höndum „loforðið að ef þú verður einhvern tímann svo gömul að þú verður send á elliheimili ætti ég að...” ég dreg vísi fingurinn yfir hálsinn og bít tönnum saman. Ég horfi á ömmu. Hún hlýtur að fatta þetta núna. Greinilegt að minnið er farið að versna. Hún horfir bara á mig og segir ekki eitt aukatekið orð. Greyið amma, hvað hefur þetta elliheimili eiginlega gert henni? Þegar ég verð gömul ætla ég að láta barnabörnin mín passa að ég verði aldrei send á elliheimili. Maður verður greinilega viti sínu fjær. Allt í einu gerist eitt sem ég átti síst von á. Amma hrekkur í kút. Hún skellihlær. Hún hlær svo hátt að ég er viss um að hún er búin að vekja alla á elliheimilinu. Þar fór ráðabruggið mitt. Amma kom upp um mig. Hvernig á ég að útskýra fjarvist mína fyrir mömmu og pabba? Amma hættir ekki að hlæja. Ég hef áhyggjur. Núna er ég sú sem skil ekki neitt í neinu. „Amma uss! Allir munu heyra í þér”. En amma hættir ekki, bara hlær og hlær og hlær. Hún veltir sér um í rúminu af hlátri. Hún horfir á mig og ég sé tár í augunum á ömmu. Af hverju skyldi hún vera að gráta? Ég hef aldrei séð hana jafn káta. Þetta er skrítið hugsa ég. Amma tekur eftir að ég horfi á hana og að mér finnist þetta ekkert fyndið. Hún reynir að bæla niður hláturinn en gengur illa. „Elsku Dísu mín... ekki hélstu í alvörunni að ég væri að meina það?” Hún hlær aftur og enn hærra. Núna held ég að hún fari að vera búin að vekja allt bæjarfélagið. „Dísu mín. Mér hefur aldrei

liðið jafn vel í lífinu. Ég er hamingjusöm. Ég get spilað rommý á hverju degi, farið í morgun sund og hitt ykkur oft. Af hverju ætti ég að vilja vera annars staðar en hér?”

Ég skil ekkert í þessu. Hvað er amma að tala um. Er hún hamingjusöm? Eftir allt saman, er hún hamingjusöm? Ég horfi enn ringluð á hana. „En þú sagðir og ég er bara að reyna að vera góð manneskja”. Amma er enn að reyna að bæla niður hláturinn „Er það að vera góð manneskja að reyna að kæfa ömmu sína með púða?” Við horfum báðar niður á púðann sem ég held enn á. Ég legg hann frá mér. „En maður á alltaf að hlýða fullorðnum ekki satt?” Amma brosir og sest á rúmið á móti mér. „Elskan mín, auðvitað á maður að hlýða fullorðnum. En þarna var ég að grínast. Fullorðnir eru ekki fullkomnar manneskjur. Við fullorðna fólkið gerum mistök eins og allir aðrir.” Amma brosir til mín og tekur utan um mig. „Komdu elskan, við skulum fá okkur kexköku og mjólk”.

Amma fylgdi mér heim og við lofuðum hvor annarri að við myndum aldrei nefna þetta við neinn, þar með töldum dúkkunum mínum. Ég er frekar svekkt að ég skyldi láta plata mig svona. Ég hafði svo miklar áhyggjur og öll þessi undirbúningsvinna fyrir ekki neitt. Allur þessi tími sem ég gat verið að leika mér með Magnúsi. Ég neita að láta alla þessa vinnu fara til spillis og því skrifa ég þessa sögu handa þér. Að drepa ömmu 101.

Endir

## Eftirmáli

Við amma sitjum á sólbekk í garðinum fyrir aftan elliheimilið. Við erum að spila rommý. Sólin er hátt upp á lofti og þaðar okkur með geislum sínum. Ég er byrjuð að kunna vel við þetta elliheimili. Alltaf eitthvað hægt að gera. Fólkið hér er einnig skemmtileg. Ég er ánægð að amma flutti á elliheimilið. Hún virðist vera hamingjusöm. Gamall maður með göngugrind gengur til okkar. Þetta er sami maðurinn sem spjallaði við ömmu á bingóinu. Hann blikkar ömmu og hún setur upp gervibros með samanbitnar tennur. Hann gengur löturhægt frá okkur. Við horfum á eftir honum. Amma hvíslar að mér „Dísa mín ef þú sérð mig einhvern tímann falla fyrir þessum manni máttu alveg eins hrinda mér niður stiga“. Amma flissar og horfir niður á spilin sem hún er með á hendi. Ég horfi grafalvarleg á hana. Augu okkar mætast og amma áttar sig á því sem hún sagði. Nú verður ekki aftur snúið.

